

52. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn laugardaginn 19. September

Fundargerð

Fundurinn haldinn í Fræðslumolanum á Reyðarfirði kl. 10:00

Mættir stjórnarmenn: Gunnar Jónsson (GJ), Karl Lauritzson (KL), Sveinn Jónsson (SJ) í síma, Sigrún Blöndal (SB), Sæunn Stefánsdóttir (SS) í síma, Sigrún Birna Björnsdóttir (SBB).

Fjarverandi var: Berglind Häsler sem afboðaði.

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÞ) sem ritaði fundargerð, Signý Ormarsdóttir (SO) og Guðrún Á. Jónsdóttir (GÁJ)

Dagskrá:

1. Samþykkt síðustu fundargerðar
2. Fjárhagsstaða Austurbrúar – 6 mánaða rekstrartölur
3. Fjárhagslegt verkefnayfirlit – kynning og yfirferð
 - a. Staða málaflokka
 - b. Staða einstakra verkefna
 - c. Staða innri verkefna og innleiðingaráætlunar
4. Erindi frá Austurbrú til SSA
5. Verkefni næstu vikna; markmið, stefna og þjónustustig
6. Fundaáætlun stjórnar
7. Önnur mál
 - a. Yfirlit yfir starfsmenn Austurbrúar

Gunnar Jónsson setti fundinn og bauð alla velkomna.

1) Samþykkt síðustu fundargerðar

Samþykkt fundargerð 51. stjórnarfundar.

2) Fjárhagsstaða Austurbrúar – 6 mánaða rekstrartölur

Rekstraruppgjör fyrir fyrstu 6 mánuði fram lagt sem stillt var upp af KPMG í samvinnu við framkvæmdastjóra. Uppgjörið sýni halla upp á 9,8 millj. kr. sem skýrðar voru út.

Stjórnin ítrekar að framlagðar séu fjárhagsupplýsingar reglubundið.

3) Fjárhagslegt verkefnayfirlit – kynning og yfirferð

- b. Staða málaflokka
- c. Staða einstakra verkefna
- d. Staða innri verkefna og innleiðingaráætlunar

JÁÐ lagði fram og kynnti yfirlitið sem byggt er á verkefnabókhalda stofnunarinnar. Rædd voru hin ýmsu verkefni og staða þeirra bæði fjárhagsleg og verkefnaleg. SO og GÁJ fór yfir kjarnaverkefni og sértæk verkefni. Ljóst er að vinna þarf í að efla tekjugrunn stofnunarinnar til lengri tíma.

4) Erindi frá Austurbrú til SSA

JÁÐ fór yfir málefni er tengdust gerð sóknaráætlunar og tilkostnaðar vegna hennar. Stjórn samþykkir að senda greinargerð framkvæmdastjóra til SSA. JÁÐ fór einnig yfir samantekt á rekstri aftur í tímann og samþykkir stjórn að skrifa bréf til SSA vegna 2015 og 2016.

5) Verkefni næstu vikna; markmið, stefna og þjónustustig

JÁÐ fór yfir hvað er framundan í verkefnum framkvæmdastjóra.

6) Fundaáætlun stjórnar

Stjórn samþykkir að funda að jafnaði seinni partinn annan og fjórða miðvikudag í mánuði.

7) Önnur mál

a. Yfirlit yfir starfsmenn Austurbrúar

JÁÐ fór yfir mannauð Austurbrúar og hver hefði verið þróunin frá því að hún tók við.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundir slitið kl. 13:00

Gunnar Jónsson

Sveinn Jónsson

Sigrún Birna Björnsdóttir

Sigrún Blöndal

Karl Lauritzson

Sæunn Stefánsdóttir